

30.4.

Fjármálaeignaneytið

Alþingi

Erindi nr. Þ

138/1865

Efnah.- og skattanefnd

komudagur

30.4. 2010

Mál nr. 506 (ívilnun vegna endurbóta og viðhalds íbúðarhúsnæðis).

Á fundi efnahags- og skattanefndar þann 27. apríl sl. var óskað eftir upplýsingum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum ásamt skýringu á því hvers vegna frádráttur manna nemi að hámarki 200.000 kr. og 300.000 kr. hjá hjónum eða samsköttuðum.

Virðisaukaskattur.

Reglum um endurgreiðslur á virðisaukaskatti til eigenda af viðhaldi á fasteignum var breytt í upphafi árs 2009. Fyrir þann tíma fengust 60% af greiddum skatti endurgreidd en nú fæst hann allur endurgreiddur. Lagabreytingin hafði þau áhrif að á árinu 2009 námu endurgreiðslurnar 1.475 m.kr. en höfðu numið 1.005 m.kr árið 2008. Hækkunin er 46,7%. Mikil fjölgun varð einnig á fjölda þeirra sem fengu virðisaukaskattinn endurgreiddan. Þeir höfðu verið tæplega 6.200 en árið 2009 fengu 10.100 aðilar endurgreiðslu, sé miðað við að hver aðili hafi fengið skattinn endurgreiddan einu sinni. Stofn endurgreiðslunnar, þ.e. vinnuliður sem virðisaukaskattur var endurgreiddur af dróst hins vegar saman um 12% og meðalstærð verkefna sem sótt var um endurgreiðslur af minnkaði um næstum helming. Þetta bendir til þess að einstaklingar hafi ráðist í smærri viðhaldsverkefni hugsanlega vegna niðurgreiðslunnar, verkefni sem annars hefðu hugsanlega ekki verið unnin. Meðalstærð verkefnis árið 2009 nam rétt tæpum 600 þúsund krónum.

Hámarksfjárhæð frádráttar samkvæmt frumvarpinu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að frádráttur manna frá tekjuskattsstofni nemi að hámarki 200.000 kr. og hjá hjónum eða samsköttuðum 300.000 kr. Ef hjón ráðast í viðhaldsverkefni þar sem vinnuliðurinn er í samræmi við hámarksfrádrátt sem heimilaður er samkvæmt frumvarpinu þá má vinnuliður nema 600.000 kr. Hjá einstaklingi mætti vinnuliðurinn nema 400.000 kr. jafnvel þótt verkefnin væru að öllu leyti sambærileg. Nánari skoðun hefur leitt í ljós að einstaklingar og hjón eða samskattaðir sem eiga íbúð, greiddu á árinu 2008, álíka hátt hlutfall af tekjum sínum í skatta. Í ljósi þess ætti hámarksfjárhæð frádráttar að verða sú sama hjá einstaklingum og hjónum eða samsköttuðum. Nefna má sem dæmi íbúa í fjölbýlishúsi þar sem allir íbúar eru hjón eða samskattaðir utan einn. Viðhaldsverkefnið skiptist niður á eigendur íbúðanna og fær sá sem býr einn hlutfallslega minni frádrátt en hinir. Þá má nefna að endurgreiðsla virðisaukaskatts tekur mið af vinnu samkvæmd reikningi en ekki því hvort sá sem óskar eftir endurgreiðslunni er einstaklingur, hjón eða samskattaður. Á hinn bóginn má halda því fram að tveir einstaklingar, eins og í tilviki hjóna og sambýlisfólks, þurfi stærra húsnæði en einhleypir og voru það rökin að baki þeirri tillögu frumvarpsins um hærri frádrátt þeirra frá tekjuskattsstofni.